

meðal hreppsnefndanna. Sýslusjóður borgar meðalið og 30 aura fyrir lækningu á hverjum hundi. **71**

9. gr.

Lækningamenn skulu iðulega áminna um að hundar eigi náí að jeta sulli, og að sterkar gætur sjeu hafðar á því, að þeir eigsaurgi matar eða vatnsflát nje fái að liggja í rúmum manna. Börnum sje ekki leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Öll vanræksla og brot gegn reglugjörð þessari varða allt að 10 króna sekt, sem sýslumaður ákveður eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

11. gr.

Hreppstjórar skulu skyldir til að hafa nákvæmt eptirlit með að reglugjörð þessari sje fylgt.

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. októbermán. 1898.

* * *

Samþykkt á aðalfundi sýslunefndarinnar í Strandasýslu 1898.

S. E. Sverrisson.

Reikningur

72

yfir tekjur og gjöld framfarasjóðs Jóns prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1897.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1896:	
a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd 11.1 hndr. að dýrl, virt á	kr. 800,00
b. Í söfnunarsjóði Íslands, auk vaxa fyrir árið 1896	— 122,39
	kr. 922,39
2. Landskuld í fardögum 1897, 40 áln. á 52 aur., eptir verðlagsskrá Dalasýslu 1897—1898	
	— 20,80
3. Leigur haustið 1897, 40 pd. smjör, selt á 50 aura pundið	
	— 20,00
4. Vextir af inneign í söfnunarsjóði fyrir árið 1896	
	— 3,36
5. — — — — — 1897	
	— 4,91
	Tekjur alls: — 971,46

Gjöld:

1. I sjóði við árslok 1897:	
a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd 11.1 hndr. að dýrl, virt á	kr. 800,00
b. Í söfnunarsjóði Íslands	— 171,46
	kr. 971,46
	Gjöld alls: <u>kr. 971,46</u>

Skrifstofu Arnessýslu, 26. marzmán. 1898.

Sigurður Ólafsson.